

Ed.

382. Frumvarp til laga

um héraðsskóla.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrutafirði, Varmahlíð í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í Árnassýslu og Reykholti í Borgarfirði. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslensk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðsskólarnir á sumrin starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

3. gr.

Héraðsskólar skulu vera samskólar pilta og stúlkna. Nemendur, sem ríkið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri námsveturinn í skólunum. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verklega kennslu, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhaldna, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pilta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og íslenskra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynsögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginstefnur í þjóðskipulagi hinna áhrifamestu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, létta bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál má ekki kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslenskum fræðum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útvíst.

4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarrar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndarmönnum, en fimmta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólanefnd má segja upp kennara með 6 mánaða fyrirvara, en leita skal hún áður álit skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.
5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls atvinnurekstrar á skólajörðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd ákveður árlega, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf kennaralið skólans skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnum, búnaði, smíðum. Hússtjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskólana svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði ein-

faldra húsgagna, að nemendur, sem þar hafa stundað nám, geti staðið fyrir að reisa venjulegar byggingar og smíða innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins.

10. gr.

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnæði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að $\frac{3}{4}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{1}{4}$ hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

14. gr.

Í reglugerð hvers héraðsskóla skal ákveða ýtarlega um kennsluefni og allt fyrirkomulag kennslunnar. Þar skal ennfremur ákveðið um aga nemenda og ástæður til brottrekstrar, svo og um verkefni, skyldur og réttindi skólastjóra og kennara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir héraðsskóla skulu endurskoðaðar á árinu 1940 og færðar til samræmis ákvæðum laga þessara. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júlí og reglugerðirnar hafa hlotið samþykki fræðslumálastjórnar fyrir 1. september.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt að tilhlutun kennslumálaráðherra.

Nú eru liðin 10 ár síðan Alþingi samþykkti lögin um héraðsskóla, og má telja kominn tíma til, að þessi löggjöf verði endurskoðuð. Það er mál manna, að héraðsskólarnir íslenzku séu hér um bil einu framkvæmdir í uppeldismálum seinni tíma hér á landi, þar sem kenni nokkurra nýjunga, sem telja mætti, að verið gætu til fyrirmyndar stærri og ríkari þjóðum. Ber þar mest til í því efni, að allir skólarnir nema einn hafa verið byggðir á jarðhitastöðum, og hafa þau náttúrugæði valdið því, að þessir skólar hafa getað orðið fjölbreyttari en aðrar menntastofnanir í landinu og orðið nothæfar til almannaþarfa svo að segja á öllum tímum árs. Á þessum undangengnu 10 árum hafa flestir þessir skólar verið annaðhvort stækkaðir til mikilla muna eða reistir af nýju. Þeir hafa orðið fjölsóttir og vinsælir. Þar hafa starfað allmargir duglegir og áhugasamir kennarar. Mikil og margháttuð reynsla er fengin á þessum árum. Í endurskoðun þeirri, sem hér er leitast við að gera, er byggt á þessari reynslu, en þó er hitt fleira, sem betur á heima í reglugerð skólanna heldur en í stofnlögum þeirra.

Héraðsskólarnir eru samkvæmt gildandi lögum sjö, og Eiðaskóli raunverulega

hinn áttundi. Reykjanesskóli er ekki enn fullgerður, og Varmahlíðarskóli ekki enn tekinn til starfa. En bæði Alþingi og Varmahlíðarfélagið í Skagafirði hafa sýnt svo mikinn áhuga á þeim málum, bæði með heimild Alþingis til að taka gistihúsið í Varmahlíð eignarnámi og þá ekki síður með hinni stórmyndarlegu sundlaug, sem Skagfirðingar hafa reist í Varmahlíð á undangengnum tveim árum, að telja má fullvíst, að kennsla byrji þar innan skamms. Rétt þykir að veita Varmahlíð og Reykjanesi sömu undanþágu vegna erfiðleika þeirra, sem verða um byggingarframkvæmdir meðan stendur á núverandi styrjöld.

Eiðaskóli hefir sérstöðu í þessum efnum, af sögulegum ástæðum, en rétt þykir að gera ráð fyrir, að kennsla hans verði með reglugerð samræmd kennslu héraðsskólanna, eftir því sem ástæður leyfa.

Reynslan hefir sýnt, að héraðsskólarnir verða að vera mjög fjölbreyttar stofnanir um starfshætti. Þar fer fram kennsla nokkur hundruð ungmenna að vetrinum til. Með vorinu hverfa þeir til heimila sinna til margháttaðra starfa. Þá byrja í héraðsskólunum margskonar námskeið fyrir innlenda og einstaka sinnum fyrir erlenda menn. Þar eru haldnir stórir fundir og mannfagnaður fyrir héraðsbúa, þar sem skólinn er. Að sumrinu er gistihúshald í flestum skólunum, og verður sennilega að vera í þeim öllum, þegar samgöngur hefjast aftur milli Íslands og útlanda að styrjöldinni lokinni. Einn af skólunum, Laugarvatn, er nú þegar langfjölmennasti og mest sótti gististaður á öllu landinu meðan stendur á sumarleyfum skrifstofufólks og gestakoma er mest til landsins að sumrinu til. En bæði á Laugarvatni og í hinum héraðsskólunum hefir skólanefndirnar brostið fé til að geta búið skólana svo úr garði, að þeir gætu orðið svo fullkomnir gististaðir sem þjóðin þarf með. Er þetta sízt furðulegt, þar sem hin mikla kreppa skall á eftir 1930, þegar þessir skólar voru svo að segja að byrja. Skólahúsin víða hvergi nærri fullgerð, skuldir á byggingum og hvorki héruðin eða landið höfðu eins og þá stóð á getu til að leggja fram nauðsynlegt fé til að koma þessum stofnunum í viðunanlegt horf. En þrátt fyrir alla erfiðleika hafa forráðamenn héraðsskólanna samt bætt þeirra hag á undanfórnum árum, svo að nú er sýnt, að þeir verða í framtíðinni langstærstu og beztu samkomustaðirnir í dreifbýlinu. Á hinn bóginn er fullsýnt, að það borgar sig ekki að leggja í sumargistihús á Íslandi, þó að gestastraumur sé í svo sem tvo mánuði. Þrastalundur við Sogsbrúna er góð sönnun í þessu efni. Gistihúsið er mjög myndarlegt, á þryðilegum og mjög fjölförnum stað. Þegar búið var að verðfella þessa eign um helming við eigendaskipti virtist hún geta borið sig sem sumargistihús, en fyrr ekki.

Sæmd þjóðarinnar og metnaður krefst þess, að hér á landi séu til allmargir stórir og myndarlegir gististaðir utan kaupstaðanna, bæði vegna innlendra og erlendra manna. Þjóðinni er nauðsynlegt, að ferðamenn, innlendir og útlendir, geti ferðast um landið og haft aðgang að gististöðum, sem svara kröfum samtíðarinnar. Þjóðin í heild sinni getur grætt á því, að erlendir ferðamenn fari mikið um landið. Hver ferðamaður skilur eftir allmikið fé í landi, sem hann ferðast um. En án viðunalegra gististaða ferðast erlendir menn ekki um neitt land, svo að hagnað megi hafa af.

Héraðsskólarnir á heitu stöðunum hafa alveg sérstök skilyrði til að geta verið góðir og skemmtilegir gisti- og dvalarstaðir fyrir sumargesti og langferðamenn. Núpur og Eiðar hafa líka mörg skilyrði til að vera stærstu gististaðir hvor í sínu héraði, þó að jarðhitann vanti. Því valda hin góðu húsakynni. Þar og í jarðhita-skólunum vantar ekki nema herzlumuninn til þess að hægt sé að koma þessum stofnunum í það horf, að þar geti verið sumargistihús, sem fullnægja þörf byggðanna og geta að sumu leyti verið fullkomnari en gerist hjá stærri og ríkari þjóðum.

Ef Alþingi heimilar ríkisstjórninni að bera ábyrgð á $\frac{3}{4}$ af stofnkostnaði þessara skóla, þá myndi vera létt af þeim allri verulegri skuldabyrði og þeim gert kleift að fullgera byggingar sínar, og alveg sérstaklega að eignast þá húsmuni og húsbúnað, sem nú vantar tilfinnanlega í nálega allar þessar byggingar. Auk þess verður vegna

vinnukennslunnar að koma upp einföldum vinnustofum fyrir karla og konur á héraðsskólunum og fá þangað smíðaáhöld, vefstóla, saumavélar o. s. frv. Allt þetta er alveg sérstaklega nauðsynlegt, ef æskan á að fá uppeldi, sem þjóðin þarfnast. En á hinn bóginn verður stórum auðveldara að koma héraðsskólunum í það horf, sem hér er stefnt að, þegar þeir ráða árlega yfir miklu vinnuafli, þeirra sem stunda verklega námið. Aðalsteinn Eiríksson skólastjóri í Reykjanesi hefir sýnt í verki, undir erfiðum kringumstæðum, hversu byggja má skólaheimili að mjög verulegu leyti með vinnu nemenda, sem vinna að verklegu námi í skólanum.

Hér er gert ráð fyrir, að námið í héraðsskólunum sé þrískipt: Fjölbreytt vinnukennsla fyrir piltá og stúlkur, vekjandi bóklegt nám og margháttaðar íþróttir.

Vinnunám piltá yrði fyrst og fremst einfalt steinsmiði, trésmiði og járnsmiði. Nemendur myndu steypa steina að vetrinum til í margskonar hús, sem skólinn þarf með, þar á meðal kennarabústaði, íþróttahús, vinnustofur, heimavistarhús og peningshús. Á vorin væri byggt úr þessum steinum, settir í gluggar og hurðir, sem nemendur hefðu smíðað, og húsinu komið undir þak. Næsta haust byrja nemendur á að slétta veggj á innan, gera skilrúm, koma fyrir hurðum og síðast að mála og veggfóðra, allt undir eftirliti kennara. Í smiðjunni yrði kennt að gera skeifur og aðra einfalda hluti, sem með þarf á hverju heimili, en í trésmíðatímum að gera amboð, litlar ferðakistur, hillur, einfalda stóla, bekkir og borð. Jafnframt yrði smíðakennarinn að kenna piltum að gera við allt, sem bilaði í húsum skólans, eins og hásetar á skipum vinna að því að mála og fægja skipin, þar sem þeir vinna. Í mörgum skólum og heimilum er herbergjum og hlutum illa við haldið. Hver einasti maður verður að geta bjargað sér og sínu heimili í þeim efnum.

Nám kvenna verður að sínu leyti að vera miðað við innanhússtörf, við hreinlæti í umgengni, að gera einfaldan mat og bera hann hreinlega fram, þrjóna, sauma og vefa. Einni nýjung þyrfti að bæta við nám kvenna í sem flestum skólum, en það er meðferð ungbarna og að umgangast og kenna litlum börnum. Móðurstarfið er þýðingarmest af öllum verkum konunnar, og það er mikil vanræksla af hálfu þjóðfélagsins, að láta undir höfuð leggjast að hjálpa ungum konum til að búa sig undir að geta myndað hreinleg og myndarleg heimili og alið vel upp börn sín.

Í bóklegu námi héraðsskólanna er mest nauðsyn að draga úr námi erlendra tungumála, en auka móðurmálskennsluna. Í svo margmennar stofnanir eins og héraðsskólarnir eru koma fjölmargir nemendur, sem hafa fremur litla lestrarlöngun og lesa lítið eftir að þeir eru komnir út í lífsbaráttuna, bæði á sínu eigin máli og enn minna á erlendum málum, nema þá það léttmeti, sem eins vel mætti vera ólesið. Á hinn bóginn hefir hin litilfjörlega byrjun á erlendum málum oft mjög ill áhrif á meðferð móðurmálsins. Námstíminn í héraðsskólunum er auk þess svo stuttur og vinnukennslan og íþróttirnar það tímafreakar, að nemendur þar geta alls ekki stundað erlent tungumálanám, nema þeir hafi til þess mjög góða hæfileika og mikinn undirbúning í móðurmálinu. Það er ætlað til, að fræðslumálaskrifstofan ákveði með prófreglugerð, hvaða þekkingu nemandi í héraðsskóla verður að hafa í móðurmálinu til að mega stunda erlent tungumálanám þar. Er ætlað til, að þeir nemendur þekki aðalefni í Íslendingasögum, Sturlungu, Heimskringlu og hafi lesið það helzta, sem til er eftir mestu skáld 19. og 20. aldarinnar. Auk þess verða þeir nemendur að kunna öll frumatriði íslenzkrar málfræði og skrifa ritvillulítið íslenzkt mál. Þeir nemendur í héraðsskóla, sem ekki geta staðizt slíkt próf í móðurmálinu, hafa ekki þann undirbúning, sem með þarf til að hafa skynsamlega ástæðu til að byrja nám erlendra tungna. Hið sama má að vísu segja um nemendur í fleiri skólum, og má vænta, að þeir ágallar verði leiðréttir þar líka áður langt um líður. Hin aukna vinnukennsla kemur hér í stað fánýtrar byrjunar á erlendum tungum. Kennsla í sögu landsins, mannkynssögu og um stjórnarhætti þjóða nú á dögum er óhjákvæmilegur lærdómur fyrir borgara í frjálsu landi. En sögukennslan má ekki vera endurtekning á námsefni barnaskólanna, heldur glöggt yfirlit um tímabil og stefnur. Í yfirlitinu

um þjóðfélagsmál þarf að sýna ýtarlega muninn á lýðræðisskipulaginu, sem hinar færustu þjóðir hafa skapað með margra alda baráttu, og hinum léttfengnu örvingl-unartiltækjum sigraðra og niðurbrotinna þjóða, sem gripið hafa í augnablikserfiðleikum til hinnar mestu kúgunar, sem sagan hermir frá. Í náttúrufræði má gera ráð fyrir, að unglingar viti nokkuð um jurtir, dýr og mannslikamann. Þar sem endranær þarf að leggja stund á meginatriðin, sem eru undirstaðan í andlegu lífi menntaðra nútíma-manna. Bezt myndi að kenna í fyrirlestur sögu heimsins frá sjónarhól þróunar-kenningarinnar. Þá koma í réttri röð frumdrættir úr stjórnufræði, jarðfræði, efna-fræði, eðlisfræði, líffræði og að lokum sálarfræði. Þar væru vegamót, því að hér er gert ráð fyrir, að ungu stúlkunum í héraðsskólunum verði kennd undirstöðuatriðin um sálarlíf barna, í því skyni, að þær verði betur færar til að ala upp og kenna sínum eigin börnum. Ekki má heldur gleyma þörf ungra manna til að taka þátt í heim-ilismyndun. Meðan ungu stúlkurnar læra um meðferð litilla barna, þurfa ungir Ís-lendingar að nema um skyldur karlmanna til að gera heimilin samstæð og venju-föst. Kvöldvökur með upplestri fyrir alla, meðan aðrir vinna hver fyrir sig, líkt og tíðkaðist í gömlu baðstofunum, geta enn átt við í heimavistarskólum og síðar á heim-ilunum.

Kennslan í reikningi og bókfærslu þarf að miðast við daglega lífið og kröfur þess. Venjulega eru unglingar, sem koma í héraðs- og gagnfræðaskólana, búnir að týna niður miklu af því, sem farið er yfir í barnaskólunum. Sennilega er þar farið yfir meira en börnin skilja. Ef miðað er við þarfir hins daglega lífs, þarf hver sæmi-lega menntaður maður ekki á meiri kunnáttu í reikningi að halda heldur en því, að kunna einskonaartölur, tugabrot, að nota metrakerfið og kunna að reikna algengustu flatarmyndir og byrjunaratriðin í rúmmálsfræði. Nokkur bókfærslukunnátta er hverjum manni nauðsynleg.

Söngurinn á jafnan að vera þýðingarmikið atriði í héraðsskólum, og er líka kenndur með miklum dugnaði og áhuga í mörgum þeirra. Söngurinn er ómetanlegur til þroska á margan veg, m. a. við réttan framburð móðurmálsins, til að fjöruga skóla-lífið og til að halda heilsusamlegum aga. Þó hafa miklar og mjög hastarlegar öfgar gerzt í söngnámi í flestum skólum landsins. Kennararnir hafa lagt hina mestu stund á margraddaðan söng, líkast því sem verið væri að ala upp kórsöngvara, sem ættu að eyða æfi sinni til að fara borg úr borg og syngja fyrir nýjum og nýjum áheyrendum. Mörgum nemendum hefir orðið svo mikið um þessa einhliða tamningu, að þegar þeir koma úr skólunum, þora þeir ekki að syngja hver með sínu nefi, eins og glaðir menn og hraustir gera annars, hvar sem þeir hittast og setjast í sólskinsblett í heiði. Þessi misskilningur í sönguppeldi Íslendinga orkar því, að samhliða síaukinni söngkennslu dvínar söngur í heimahúsum, í kirkjum og á almennum mannfundum. Í fjölbyggðum héruðum, þar sem margir hafa tekið þátt í og vanizt kórsöng, er svo komið, að fólk þorir ekki annað en að fá söngflokk úr næsta kaupstað eða kauptúni til að aðstoða prestinn við jarðarfarir.

Þessu má ekki svo fram fara, og í endurbættum reglugerðum fyrir héraðsskóla yrði að ákveða, að aldrei mætti í þessum skólum eyða meira en þriðjung af söng-kennslutímanum í kórsöng, og að megináherzlan í söngkennslunni yrði að vera fólgin í því, að búa nemendur undir að taka auðveldlega þátt í almennum söng í kirkjum og á mannfundum, og þá ekki sízt á heimilunum, sem ættu að verða aftur sterk og mikils virði í hugum allra dugandi manna í landinu.

Íþróttirnar skipa nú virðulegan sess í héraðsskólunum, einkum þeim, sem hafa bæði leikfimi- og sundlaugar. Nálega allir nemendur verða vel syndir og fá aukinn smekk fyrir hreinlæti. Leikfimi- og dansæfingar gera æskuna djarfmannlega og mjúka í hreyfingum. Er sýnilega mjög mikill munur á ungmennum úr héraðsskólunum í þessu efni, ef framkoma þeirra er borin saman við jafnaldra þeirra, sem ekki fá tækifæri til að iðka íþróttir. Skautafærir og skiðagöngur geta verið almennar íþróttir í mörgum héraðsskólum. Hinir lagtaekari nemendur ættu að geta smíðað sér sjálfir skiði í skólunum, en vafasamt er, hvort leggja ætti stund á að hafa jafnan hin dýru

útlendu tábönd. Unga fólkið á Íslandi má ekki um alla hluti venja sig á að kaupa dýra hluti frá útlöndum, þar sem vel má komast af með einfaldari og ódýrari tæki.

Ein mikil ávirðing og með öllu óafsakanleg hefir orðið í íslenzku íþróttalífi á 20. öldinni, og það er niðurlægning íslenzkrar glímu. Þetta nær líka til héraðsskólanna, þó að einstakir skólastjórar, eins og t. d. Bjarni Bjarnason á Laugarvatni, hafi aldrei látið þessa merkilegu íþrótt falla í gleymsku og dá í sínum skóla. Einstöku áhugasamir kennarar við aðra skóla hafa reynt að kenna glímu, en langviðast hefir henni verið gleymt. Landnámsmennirnir fluttu þessa íþrótt með sér til Íslands frá Noregi. Hún var rækt með kostgæfni af ungum mönnum á hinum myrku niðurlægningartímum. Hún var höfuðskemmtun ungra námsmanna á Hólum, Skálholti og Bessastöðum. Hvarvetna í byggðum landsins var glíma æfð fram yfir síðustu aldamót. Glíman var hin eina almenna íþrótt Íslendinga í þúsund ár, og nú er hún nálega týnd öllum almenningi. Seint munu brezkir æskumenn leggja knattspyrnu á hilluna, þó að íþróttanýjungar berist frá öðrum löndum. En Íslendinga skortir mjög þolgæði og tryggð við gamlar minningar á borð við nábúana á Bretlandseyjum.

Íslenzk glíma var særð holundarsári, þegar beltin voru tekin upp af nokkrum sérstökum orkumönnum snemma á þessari öld. Með því gerbreyttist glíman. Í stað léttleikans, sem einkennt hafði þessa íþrótt í margar aldir, komu nú tröllaukin bola-brögð. Sterkir, harðæfðir menn tóku veikari leiknauta í fang sér eins og þegar kola-lyfta læsir nokkur vagnhlöss af eldsneyti í greipum sínum. Beltið er nálega búið að drepa íslenzka glímu. Nú á að kasta glímubeltinu út í yztu myrkur og sýna þann þjóð-armetnað að láta glímuna vera í öndvegi meðal íslenzkra íþróttá og kenna hana á þann hátt, sem forfeðurnir hafa varðveitt íþróttina frá því á landnámsöld. Hinir endurbættu héraðsskólar munu fá þá skyldu lagða sér á herðar, að hefja íslenzka glímu af nýju til vegs og virðingar.

Í héraðsskólalögunum var sú nýjung gerð, að ætla ungum mönnum úr nemenda-félögum héraðsskólanna að geta fengið trygg sæti í stjórnnum skólanna. Þá var gert ráð fyrir, að nemendum myndi þykja svo vænt um skólaheimili sín, að frá þeim og leiðtogum úr hópi gamalla nemenda mætti vænta mikils áhuga um skóla þann, er þeir höfðu dvalið í. Þetta hefir ekki reynzt svo, og skólarnir eru enn of ungir til þess, að nemendur þaðan hafi ennþá svo fasta aðstöðu um mannaforráð í áttögum sínum, að ástæða sé til að halda því formi. Er þess vegna hér lagt til, að stofnendur og sýslunefndir velji eins og í upphafi skólanefndarmenn, nema formanninn. Að sjálfsögðu koma gamlir nemendur síðar í stjórn skólanna, en þá koma þeir af því, að þeir eru áhrifamenn í héraði, en ekki eingöngu sem gamlir nemendur. Er hér gert ráð fyrir, að skólanefndir við alla héraðsskólana verði endurskipaðar í vetur, vegna þess að skólarnir breytast að verulegu leyti með lögum þessum, auk þess sem þeir verða allir að endurskoða reglugerðir sínar fyrir næsta haust.

Fram að þessu hafa héraðsskólarnir yfirleitt ekki beinlínis gert ráð fyrir, að skólastjóri og kennarar hafi þurft að dvelja á skólaheimilinu nema vetrartímann, og ef til vill vorið. Sumstaðar hafa skólanefndirnar leigt óviðkomandi mönnum skóla-húsin til gistihúshalds yfir sumarmánuðina. Kaupgreiðsla til starfsmanna skólanna hefir verið bundin við vetrarmánuðina.

Reynslan hefir sýnt, að þessu má ekki svo fram fara. Það þarf að tengja skóla-stjóra og kennara við skólana allt árið. Það er vandasamt að gera þann stað að fyrir-myndarheimili fyrir ungt fólk, sem er svo að segja lagður í eyði hálf t. árið. Hér er stefnt að því, að skólastjóri og kennarar hafi heimili og starfssvið á skólaheimilinu bæði vetur og sumar, að fráteknunni ákveðnu sumarleyfi. Það er fullsannað, að í sveit er ekki hægt að vera iðjulaus, hvorki vetur eða sumar. Ef kennari við héraðsskóla fær nægilegt lífibrauð af vetrarstarfi sínu og ráfar um eins og skuggi á sumrin, þá leiðist honum lífið, og lærisveinar skólans finna, að hann á ekki heima í starfslífi sveitanna. Enginn maður getur verið raunverulega æskilegur starfsmaður við héraðs-skóla, nema hann sé sívinnandi, líkamlega eða andlega vinnu, og að hann hafi nautn

af að vinna. Þessir skólar þurfa hrausta og lifsglaða athafnamenn í starfslið sitt, af því að tilgangurinn er að gera nemendurnar að hraustum og áhugasömum mönnum.

Við hvern héraðsskóla verður að hafa búskap. Sumstaðar á við, að skólinn sjálfur starfræki stórbú. Kennarar hafa þá við skilyrði til garðræktar og gróðurhúsaræktar. Á öðrum stöðum eru skilyrðin á þann veg, að hver kennari hefir smábú fyrir sig og sinnir því á sumrin, en hefir eftirlit með því á vetrum. Þar, sem gistihús er rekið, þarf venjulega skólastjóra eða tiltekinn kennara til að hafa yfirumsjón með rekstrinum. En auk þess eru fjölmörg störf í skólans þágu fyrir kennarana, svo sem að sinna skógrækt og garðyrkjuskálum, starfa að byggingum og smíðum vegna skólans, eða að rita í þágu skólans bækur til afnota við kennsluna. Þar sem skólastjóri og kennarar dvelja á skólastaðnum sumarlangt og vinna að því að fegra staðinn og bæta, þá verður skólinn með þeim hætti það, sem hann á að vera, ekki aðeins stærsta heimilið í héraðinu, heldur líka gott og heilsusamlegt heimili.

Eitt af því, sem þarf að skipuleggja í hverjum héraðsskóla, er að allir kennarar taki höndum saman um að sinna nemendum, líka utan kennslustundanna. Skólastjóri og kennarar verða að skiptast á um að sitja 2—3 til borðs með nemendum, þó að þeir hafi annars heimili fyrir sig. Ef kennarar sitja ekki til borðs með nemendum, og það fleiri en einn, kemur sjóbúðarbragur á samlíf þeirra og þeir læra ekki einu sinni venjulega mannasiði við borðhald. Á sama hátt ber skólanefndum að leggja á hendur kennara að vera til aðstoðar og umsjónar í heimavistum nemenda og í svefnloftum, ef þau eru til. Þetta er fram tekið hér af því, að síðan kennarastéttin gerðist fjölmenn, hefir tekið að brydda á þeim hugsunarhætti, að kennarinn væri aðeins verkamaður fyrir ákveðið kaup í tímavinnu hjá mannfélaginu. En þar, sem sá hugsunarháttur ríkir, verður lítið um uppeldisáhrifin í skólunum.

Það einkenni á héraðsskólaskipulaginu, sem ég fékk lögfest fyrir 10 árum, að skólanefnd geti sagt upp starfsmönnum við héraðsskóla, er hyrningarsteinn undir hinum uppeldislegu áhrifum. Ef einhver kennari eða skólastjóri fyllir ekki sitt sæti, er það bæði skylda og réttur skólanefndar að fá annan hæfan í hans stað. Og þar sem stefnt er að því, að hver héraðsskóli verði eitt samstætt heimili, þó að heimilin séu mannmörg, þá er auðskilið, hve þýðingarmikið það er, að skólinn geti jafnan valið úr sannstarfhæfum mönnum við hið vandamikla skóla- og uppeldisstarf.

Um leið og minnst er á fjármál héraðsskólanna þykir rétt að benda á, hve mikil undantekning þeir eru á hinn miklu ríkisrekstraröld. Héruðin leggja fram myndarlegan skerf til skólabygginganna. Nemendur, þótt fátækir séu, borga húsaleigu og kennslugjald. Ríkið greiðir visst gjald fyrir hvern nemanda. Ef skólinn er ógeðfelldur nemendum, hætta umsóknir. Skólinn verður fásóttur, fær litlar tekjur og getur ekki staðizt samkeppni. Skólanefnd lætur þá alla eða einhverja af starfsmönnum fara og reynir að fá heppilegri menn í þeirra stað. Í ríkisskólunum er þessu öðruvisi varið. Þar greiðir ríkissjóður til skólanna fast árgjald, þó að þeir séu vanræktir. Og kennararnir hafa embætti og laun til lífstíðar, þó að nemendur vilji hvorki heyra þá né sjá. Á þennan hátt eru héraðsskólarnir sjálfvirkir. Skipulag þeirra tryggir, að ef lítt hæfir menn koma að skólunum, þá verði þeir að vikja fyrir öðrum, sem eru hæfari.

Í sambandi við aukna vinnukennslu er hér gert ráð fyrir nokkru föstu framlagi í efni handa nemendum til að vinna úr fyrir skólann. Tilgangurinn er sá, að með þessu móti byggji kennarar og nemendur skólana, eins og munkar reistu klaustur miðaldanna. Fyrir efnistillag ríkissjóðs kaupir skólinn steinlím, mótavið, timbur í húsgögn, veggfóður, málningarvörur, vefjargarn og efni í prjónavöru. Þannig er séð fyrir þörfum karla og kvenna. Á þennan hátt rísa smátt og smátt hinar nauðsynlegu byggingar, með öllum nauðsynlegum húsgögnum til að bæta úr hinum margháttuðu þörfum skólaheimilanna.

Héraðsskólarnir geta ekki látið sér nægja þá verklegu kennslu eina, sem veitt er með bóknámi og íþróttum. Þeir þurfa að geta haft einskonar smíðadeild, til að fóstura upp allskonar handiðnarmenn fyrir dreifbýlið. Laugaskóli hefir um nokkur ár haft

mjög myndarlegan smíðaskóla fyrir Þingeyinga, en húsrúm hefir vantað til að geta fullnægt hinni miklu eftirspurn. Skólanefnd Reykholtsskóla hefir nálega lokið við mikið smíðahús í Reykholti, og eiga bændur í dalnum mikinn þátt í því og ætla að senda þangað syni sína til smíðanáms. Við alla hina héraðsskólana vantar enn tilfinnanlega húsrúm fyrir þessa kennslu. Þjóðin hefir fram að þessu verið svo áhugalítill í þessum efnum, að við stærsta búnaðarskóla landsins, á Hvanneyri, er eftir hálftrar aldar kennslustarf engin aðstaða til smíðakennslu, en nú er byrjað að vinna að því að bæta úr þessari eftirminnilegu vöntun.

Ef unnt verður að draga stórlega úr hinu tilgangslitla tungumálanámi fyrir allan þorra manna í héraðsskólunum og koma þar á stofn fjölbreyttri verklegri kennslu fyrir pílta og stúlkur, og auk þess sérnámi í smíðum fyrir iðnaðarmenn sveitanna, en auknu húsmæðranámi fyrir ungar stúlkur, þá mun ekki leika á tveim tungum um hina stórfelldu menningarþýðingu þessara stofnana.

Verkefni fyrir þá, sem stunda smíðar sem sérnám í héraðsskólunum, væri að nokkru leyti heima á staðnum, en að verulegu leyti í því fólgið, að kennarinn fari með vinnuflokk sinn og byggi fyrir bændur í umhverfinu. Vennerström, landshöfðingi í Vermalandi í Svíþjóð, hefir slíkan smíðaskóla í höll einni í fylkinu og lætur nemendur fara á þann hátt til að hjálpa bændum að byggja ódýrt nauðsynleg hús. En þegar náminu væri lokið, hefði dreifbýlið fengið handiðnarmenn með margbreytta æfingu og þekkingu, og einmitt á þann hátt þurfa smíðir sveitanna að vera, ef sveitafólkið á að geta byggt án þess að setja efnahag sinn í hættu.

Þegar Alþingi veitti fé til hins fyrsta héraðsskóla 1923, var gert ráð fyrir, að héraðið legði fram $\frac{3}{5}$ af byggingarkostnaði, en ríkið $\frac{2}{5}$. Mörg héruð lögðu út í stórar og myndarlegar skólabyggingar á næstu árum og sýndu mikinn stórhug og dirfsku í framkvæmdum sínum. Árið 1929 tókst mér að fá þessu hlutfalli breytt, þannig að ríkið lagði fram helming. Skömmu síðar kom kreppan, og urðu allar framkvæmdir þá erfiðar. Það varð héruðunum ofurefli að leggja fram þetta tillag, og hefir þess vegna ekki tekizt að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum við nokkurn héraðsskóla. Þó að Mýramenn og Borgfirðingar sýndu þá fáheyrðu rausn að leggja úr fátækum sýslusjóðum 30 þús. kr. frá hvorri sýslu í Reykholtsskóla, þá varð að taka það fé mestallt að láni og afborga á löngum tíma. En fyrir þennan stórhug héraðsbúa og framlag ríkissjóðs tókst að skapa Reykholt eins og það er nú, eina veglegustu og fegurstu byggingu landsins, þar sem 100 nemendur dvelja á hverjum vetri og fjöldi ferðamanna getur gist að sumrinu til, þegar skólinn hefir fengið aðstöðu til að bæta úr mörgum ágöllum, fá betri vatnsleiðslur, meira kalt vatn í skólann, ýmiskonar umbót á húsinu og mikið af nýjum húsgögnum, rúmfatnaði og borðbúnaði. Ég hefi tekið Reykholt af því að fórn héraðsins er svo mikil og alkunn, og þó ekki nóg. Reykholt og alla hina skólana vantar herzlumuninn til að geta verið vinnuskólar fyrir 600—700 pílta og stúlkur hvern vetur, og á sumrin gistihús, sem uppfylla sanngjarnar kröfur allra þeirra gesta, sem ástæða er að taka tillit til á Íslandi.

Þess vegna legg ég til, að Alþingi breyti enn hlutfallinu og taki á bak ríkisins $\frac{3}{4}$ af stofnkostnaði þessara skóla, og hjálpi um leið til að koma á hinni verklegu kennslu á næstu missirum. Héruðin geta ekki tekið á sig meiri byrðar en $\frac{1}{4}$ af stofnkostnaðinum. Fólk úr öllum héruðum sækir skólana. Á sumrin verða þeir að vera aðalgisti-hús landsins, en til þess vantar þá nú tilfinnanlega viðunandi útbúnað, þó að sá aðbúnaður nægi allvel nemendum, sem eiga að venjast sparnaði í lífsvenjum. Allir héraðsskólarnir eru nú í tilfinnanlegum skuldum, og geta hinir smærri alls ekki haldið við byggingum og munum svo sem vera ætti, því að gamlar skuldir gleypa of mikið af tekjunum. Ef Alþingi lögfesti þessa tillögu, myndi ríkið taka að sér skuldir þær, sem nú eru á skólunum, og forystumenn þeirra eiga þá langtum hægri leik en nú, með þeirri hjálp, sem leiðir af vinnukennslunni, að koma skólunum í það horf, sem þeir þurfa að komast til að geta fullnægt sínu margbætta verkefni.

Engin þjóð hefir jafngóð skilyrði til að eignast fullkomnar menntastofnanir fyrir fátæka æskumenn eins og Íslendingar með héraðsskólum við jarðhita. Gufan og heita

vatnið eru undraverð náttúrugæði. Vegna þeirra getur íslensk æska haft í þessum skólum rúmgóð og fjölbreytt gistihús, alltaf hlý og hjört. Þar er hægt að hafa sannarleg fyrirmyndarheimili. Þar getur farið saman andleg vakning, bókleg fræðsla, verkleg menntun og svo fjölbreytt líkamsmenntun, sem ókunn hefir verið hér á landi nema hjá forráðastétt þjóðveldistímans. En þessir staðir geta auk þess, ef þeim er sýndur nokkur sómi, að langmestu leyti bætt úr gistihúsaþörf landsmanna utan kaupstaðanna. Það er alls enginn vegur í sýnilegri framtíð til að fá viðunanleg sumargistihús í dreifbýli á Íslandi, nema í héraðsskólunum. Og án slíkra gistihúsa hlýtur fegurð byggðanna að miklu leyti að vera lokuð fyrir erlendum gestum. Sveitabýlin hafa yfirleitt enga aðstöðu til að mæta gestaþörf nútímans. Til þess eru byggingar í sveitum of dýrar og hinn beini hagnaður af gistingum of lítill, þó að metnaður þjóðarinnar krefjist þess, að til séu stórir gististaðir í flestum hinum stærri héruðum.

Það er liðinn meira en aldarfjórðungur síðan ég ritaði í blað ungmennafélaganna um flestallar þær tillögur um uppeldis- og menningarmál, sem ég ber fram í þessari greinargerð. Með héraðsskólalögunum 1929 var lögð undirstaða að miklum framkvæmdum í rétta átt. En eftir 10 ára reynslu finn ég, að enn vantar allmikið á, að hinni upphaflegu hugsjón sé náð. Ég vænti, að þjóðin beri gæfu til að fullgera á næstu missirum þann þátt í uppeldismálunum, sem er eðlilegt áframhald af þúsund ára menningu í byggðum landsins, en á hinn bóginn í fullkomnasta samræmi við fullkomnasta uppeldi, sem hinar ríku og fjölmennu menntaþjóðir stefna að, þar sem þeim tekst bezt, að undirbúa æskuna fyrir hið vandamikla starfslíf samtíðarinnar.